

Aðalfundur þriðja hvert ár

Hjartaheill heldur aðalfundi sína á þriggja ára fresti. Þau árin sem ekki er aðalfundur eru haldnir formannafundir. Formenn Hjartaheilla frá upphafi hafa verið: Ingólfur Viktorsson, Sigurður Helgason, Gísli J. Eyland, Vilhjálmur B. Vilhjálmsson, en núverandi formaður er Guðmundur Bjarnason.

Aðrir í stjórn eru:


Sveinn Guðmundsson, varaformaður, Kristján Smith, gjaldkeri, Sigurður Aðalgeirsson, Magnús Þorgrímsson, Valgerður Hermannsdóttir, Jónína Eyja Þórðardóttir, Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, Helga Þóra Jónsdóttir og Friðrik Ingvarsson.

Ellefu landsfélög

Árið 1990 var ákveðið að breyta skipulagi samtakanna og stofna 10 svæðafélög hjartasjúklinga eftir landssvæðum. Ellefta félagið, Neistinn, styrktarfélag hjartaveikra barna, gekk formlega í raðir samtakanna í september 1996.

Velferð málgagn Hjartaheilla

Velferð er málgagn samtakanna og kemur út 2 til 3 sinnum á ári. Ritstjóri blaðsins er Sveinn Guðmundsson. Blaðið er sent til félagsmanna, fjölmiðla, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa um land allt, endurgjaldslaust.



Fjáröflun

Strax á fyrsta ári hófu félagsmenn að safna fé til að kaupa tæki fyrir hjartadeild Landspítalans.

Fljótlega fóru að berast áheit og gjafir. Eftt var til fyrstu merkjasölnunnar árið 1985 og hafa merki síðan verið seld á tveggja ára fresti.

Þessu fé hefur verið varið til að styrkja hjartaskurðeild Landspítalans við Hringbraut, endurhæfingarstöð hjartasjúklinga að Reykjalundi, HL-stöðvarnar í Reykjavík, Akureyri og Vestmannaeyjum, til íbúðarkaupna og margs annars.

Þá hafa samtökin staðið að útgáfu og sölu jólakorta og hefur það framtak skilað umtalsverðum tekjum.

Kynningarefni

Hjartaheill hefur gefið út fræðslu- og kynningarbæklinga á eigin vegum eða í samráði við aðra. Þá hafa samtökin gefið út fræðslumyndirnar **Hjartans mál** og **Gretti, proskasaga hjartasjúklings**.

Hægt er að hafa samband við starfsmenn Hjartaheilla ef óskað er eftir bæklingum eða mynddiskum til dreifingar, s.s. á fundum eða námskeiðum, á heilsugæslustöðvum eða sjúkrahúsum.

Styrktarsjóður hjartasjúklinga

Styrktarsjóður hjartasjúklinga var stofnaður 1991. Meginmarkmið sjóðsins er að veita heilbrigðisstofnunum styrki til tækjakaupa og að styrkja efnaminni hjartasjúklinga til endurhæfingar. Tekjur sjóðsins koma einkum af sölu á minningarkortum.

**Viltu gerast félagsmaður?
Vantar þig aðstoð
vegna sjúkleika þíns?
Hringdu þá í síma 552 5744**

Hjartaheill



STARF OG STEFNA KYNNING

HjartaHeill

Síðumúla 6 • 108 Reykjavík • Sími 552 5744
hjartaheill@hjartaheill.is • www.hjartaheill.is

5. útgáfa 2013



HjartaHeill

Landssamtök hjartasjúklinga, LHS, voru formlega stofnuð 8. október 1983 af 230 stofnfélögum. Nafni samtakanna var breytt í Hjartaheill árið 2012.



Skrifstofa samtakanna að Síðumúla 6, Reykjavík, er opin frá 08:45 til 16:00 alla virka daga. Sími 552 5744. Á skrifstofunni starfa þau Guðrún Bergmann Franzdóttir og Ásgeir Þór Árnason. Netfang: hjartaheill@hjartaheill.is Heimasiða: www.hjartaheill.is

Hlutverk Hjartaheilla er:

- Að sameina hjartasjúklinga, aðstandendur þeirra og áhugafólk um heilbriggt hjarta
- Að stuðla að betri heilsu og bættum lífsgæðum í íslensku samfélagi, með áherslu á framfarir í forvörnum, fræðslu og meðferð hjartasjúkdóma
- Að standa vörð um hagsmuni og réttindi hjartasjúklinga
- Að starfa faglega
- Að framfylgja markmiðum samtakanna

Markmið Hjartaheilla til næstu 5 ára eru:

- Að fjölga félagsmönnum í allt að 10.000
- Virkja félagsmenn til öflunar nýrra félaga, t.d. með hvataverðlaunum
- Nota heimasíðu og rafrænt fréttabréf
- Að efla Hjartadaginn
- Samvinna við Hjartavernd og Heilaheill, skipting hlutverka
- Efna til viðburða um land allt á Hjartadaginn
- Að styðja við GoRed verkefnið - Alþjóðlegt samstarf um konur og hjartasjúkdóma, Hjartadrottningar, starfshópur kvenna innan Hjartaheilla, verði tengiliður
- Að auka fjáröflunartekjur
- Fjölgun félagsmanna mun auka tekjur og meðalaldur mun lækka
- Gerð nýrra hjartamerkja og söluherferð í tengslum við Hjartadaginn
- Sérstakar safnanir, sjónvarpssöfnun, sala sérhannaðra muna á netinu
- Að efla tengsl og upplýsingaflæði við félagsmenn
- Söfnun netfanga eldri félagsmanna – rafrænt fréttabréf
- Efla heimasíðu Hjartaheilla



HL stöðvar – endurhæfing hjartasjúklinga

Stjórn samtakanna ákvað í ársbyrjun 1987 að hefja undirbúning að starfrækslu fullkominnar þjálfunar- og heilsuræktarstöðvar í Reykjavík.



Stofnendur voru Hjartaheill, Hjartavernd og SÍBS. HL-stöðin er sjálfseignarstofnun sem veitir þrjúþætta þjónustu:

- a) Endurhæfingu í framhaldi af dvöl á sjúkrahúsi.
- b) Aðstöðu til viðhaldsþjálfunar.
- c) Ráðgjöf, upplýsingar og fræðslu.

Nú eru starfandi HL stöðvar á Akureyri, Neskaupstað og í Vestmannaeyjum auk stöðvarinnar í Reykjavík. HL hópar eru starfandi í Stykkishólmi, Ísafirði, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Kópaskeri, Eskifirði, Hellu, Selfossi, Þorlákshöfn og Reykjanesbæ.

Aðild að SÍBS

Hjartaheill gekk í SÍBS árið 1992 og varð um leið aðili að Öryrkjabandalagi Íslands, ÖBÍ.

Vefsíður aðildarféлага SÍBS:

www.sibs.is
www.ao.is
www.hjartaheill.is
www.lungu.is
www.vifill.blog.is
Heimasíða ÖBÍ er www.obi.is

